



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1  
765 Djúpavogi

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Gunnlaugur Róbertsson  
Skipulagsstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 23. október 2017  
MÍ201709-0005/ 6.09 / P.E.H.

## Efni: Nýtt tengivirki í Öräfum - breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi

Með bréfi dagsett 30. ágúst síðastliðinn óskaði Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri Hornafjarðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna breytingar á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi fyrir nýtt tengivirki í Öräfum, dagsett 22. maí 2017. Vegna aukinnar rafnotkunar við sunnanverðan Vatnajökul hyggst Landsnet reisa nýtt tengivirki. Breyting á aðalskipulagi felst í því að landnotkun verður breytt úr landbúnaðarlandi yfir í iðnaðarsvæði. Deiliskipulagið nær til um 1,6 ha úr landi Hnappavalla.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir skipulagssvæðið af Menningararmiðstöð Hornafjarðar, *Minjakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda í landi Hnappavalla, Sveitarfélaginu Hornafirði* (lokaskýrsla útgefin árið 2017). Þar kemur fram að fjórar minjar sé að finna innan skipulagssvæðisins.

**1877:003 (þjóðvegur)** – Malarvegur um 2 m á breidd. Þjónaði áður sem reiðleið um aurana en þjóðvegur var lagður ofan í hana árið 1936. Var í notkun til um það bil 1970 þegar hann var færður á núverandi stað. Vörður hafa varðað þessa leið. Skráning vegarins telst fullnægjandi rannsókn.

**1877:004 (rétt)** – Rétt sem var reist á árunum 1971-1973 og leysti gömlu Kvíarmýrarréttina af. Réttin telst ekki til fornleifa samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en hún verður ekki fyrir raski samkvæmt skipulagslýsingunni.

**1877:001 (varða)** – Varðan er um meter á hæð og 1 m á lengd með mosagrónum steinum. **1877:002 (varða)** – Varðan er um hálfur meter á hæð og grjótið orðið mosagróið. Grjótvörðurnar tvær hafa

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Puríður Elísa  
Harðardóttir**  
Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

varðað reiðleiðina yfir aurana áður en vegur sem er innan svæðisins var lagður snemma á 20. öldinni. Varða 1877:001 stendur um 100 m frá fyrirhugðum lóðarreit en er innan skipulagssvæðisins. Varða 1877:002 er austan megin á skipulagssvæðinu og alveg við eystri mörk framkvæmdarsvæðisins. Vörðurnar, sem og aðrar ókunnar fornleifar, eru friðaðar með lögum en í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

*Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*


Einnig njóta þær 15 m friðhelgis samkvæmt 22. gr. laga um menningarminjar. Skal taka tillit til þeirra við útfærslu innan lóðar svo þeim verði ekki raskað. Leyfi þarf að fá fyrir raski á friðuðum fornleifum og mun Minjastofnun eftir atvikum fara fram á mótvægisáðgerðir.

Minjastofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við skipulagstillögurnar eins og þær voru kynntar stofnuninni. Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

*Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstjóri Hornafjarðar ([gunnlaugur@hornafjordur.is](mailto:gunnlaugur@hornafjordur.is))